



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
utn@utn.is, www.utn.is

Reykjavík, 11. mars 2022
Tilvísun: UTN22030106/03.I.100
JBB/grg

Utanríkisráðuneyti vísar til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem spurst var fyrir um skilgreiningu á hugtakinu innsævi í tengslum við umræður nefndarinnar um frumvarp til laga um áhafnir skipa (185. mál, þskj. 187), en hugtakið kemur fyrir í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Hugtakið er hvergi skilgreint í íslenskum lögum, kemur ekki fyrir í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn og kemur raunar sjaldan fyrir í íslenskri löggjöf. Innsævi er skýrlega skilgreint í 1. mgr. 8. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna sem hafsvæði sem er landmegin við grunnlínu landhelginnar. Utanríkisráðuneytið lítur svo á að hafréttarsamningurinn sé lögum nr. 41/1979 til fyllingar. Þar af leiðandi er, að mati ráðuneytisins, ekki nauðsynlegt að skilgreina hugtakið sérstaklega í lögum. Utanríkisráðuneytið leggst aftur á móti ekki gegn því að hugtakið verði skilgreint sérstaklega í lögum svo framarlega sem skilgreiningin verður í samræmi við hafréttarsamninginn, enda getur það verið til þess fallið að auka skýrleika laganna.

Benda má á að í fræðiskrifum hefur komið fram að æskilegt væri að í lögum nr. 41/1979 væri ákvæði um innsævi, líkt og í norsku löggjöf. Enn fremur má benda á að í 3. gr. norsku landhelgislaganna, Lov om Norges territorialfarvann og tilstøtende sone segir: *De indre farvann er alt farvann som ligger innenfor grunnlinjene. Kongen kan fastsette regler om fremmede fartøyers adgang til norsk indre farvann.*

Þessu til viðbótar mætti, að mati ráðuneytisins, auka skýrleika 9. gr. laga nr. 41/1979 með smávægilegri breytingu. Í ákvæðinu er kveðið á um vísindalegar rannsóknir, sem skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda, sbr. 1. mgr. Ekki er ljóst af lestri ákvæðisins hvaða ráðuneyti eða stofnun þar er sem veitir leyfi til vísindalegra rannsókna, enda er hvergi minnst á ráðherra í lögnum þrátt fyrir að lögin séu á forræði utanríkisráðherra.

Áralöng venja er fyrir því að utanríkisráðuneyti veiti leyfi til rannsókna innan efnahagslögsögunnar í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins og að leitað sé umsagna Hafrannsóknarstofnunar og Landhelgisgæslu Íslands. Breytingartillagan er í samræmi við þá framkvæmd og hafréttarsamninginn.

Að framansögðu leggur utanríkisráðuneytið til eftirfarandi tillögu að lagaákvæði til breytingar á lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 47/1979.

x. gr.

Breyting á lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979.

a. Á eftir 2. mgr. 1. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Innsævi er hafsvæði landmegin við

grunnlínur.

- b. Í stað orðanna „íslenskra stjórnvalda“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: ráðherra sem fer með utanríkismál.
- c. Á eftir 1 másl. 1. mgr. 9. gr. kemur ný málslíður, svohljóðandi: Leita skal umsagnar Hafrannsóknarstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og eftir því sem þörf krefur annarra fagstofnana vegna umsókna skv. 10. gr.

F.h.r.



Jónanna Bryndís Bjarnadóttir
staðgengill skrifstofustjóra laga- og stjórnsýsluskrifstofu